

**Starfsleyfi
fyrir olúbirgðastöð Olíudreifingar ehf.
á Krossanesi**

Kt. 660695 - 2069

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Olíudreifingu ehf. kt. 660695 - 2069, vegna olúbirgðastöðvar á Krossanesi á Akureyri.

Komi nýr aðili að rekstri olúbirgðastöðvarinnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Olíudreifing ehf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

1.2. Umfang starfsemi

Í olúbirgðastöðinni er heimilt að geyma í stærsta geymi allt að 7900 m³ af olíu, og allt að 6000 m³ af bensíni. Þá er heimil móttaka á úrgangsolíu. Starfsemin skal ennfremur rekin í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

1.3. Mengunarvarnir

Fyrirtækið skal nota bestu fánlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir, þar sem hún hefur verið skilgreind, og nýta vel orku. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir).

1.4. Breytingar á rekstri

Fyrirtækið skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær.

1.5. Stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangsolíu og öðrum úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, geymum, lögnum, tækjum og menguðum jarðvegi í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar, heilbrigðisnefndar og annarra hlutaðeigandi, eigi síðar en **1. nóvember 2006**. Tilkynna skal eftirlitsaðila innan mánaðar um stöðvun reksturs og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að að taka megí út frágang strax að verki loknu.

1.6. Gangsetning

Hafi rekstur birgðastöðvarinnar legið niðri í mánuð eða lengur skal tilkynna eftirlitsaðila áður en stöðin verður tekin í notkun að nýju.

1.7. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfi þetta á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef mengun af völdum starfseminnar reynist meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni, skal fyrirtækið, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd áætlun um að draga úr mengun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðun starfsleyfis sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar skal fyrirtækið sækja um nýtt starfsleyfi.

1.8. Annað

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt vera tiltækt á vinnustað ásamt afstöðumynd af birgðastöð, flæðiriti af stöðinni með merkingum geyma og lagna, viðbragðsáætlun og rekstrarhandbók.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

2.1. Útblástursloft

Útblástursloft frá bensíntanki og loft frá búnaði til að endurvinna bensín úr lofti sem mengað er af bensínugufum skal uppfylla kröfur reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva. Meðalstyrkur bensínugufu í útblæstri frá gufueurnýtingarbúnaði, að meðtalinni leiðréttingu vegna þynningar við meðhöndlun, má ekki fara yfir 35 g/Nm^3 á klukkustund.

2.2. Tap á bensíni

Árlegt heildartap á bensíni við áfyllingu og geymslu þess í geymum í birgðastöðinni skal vera minna en 0,01 þyngdarprósenta af gegnumstreymi og árlegt heildartap á bensíni við áfyllingu og losun flutningsgeyma skal vera minna en 0,005% af gegnumstreymi.

2.3. Rekstur hreinsibúnaðar

Rekstur hreinsibúnaðar skal vera í samræmi við verklag er tryggir eðlilegan rekstur og viðhald búnaðar til endurvinnslu á bensínugufum í samræmi við viðauka II við reglugerð nr. 252/1999.

2.4. Frágangur bensíngeyma

Bensíngeymar skulu vera með fljótandi ytra eða innra þaki og aðal- og aukapéttingu, sem eru þannig gerðar að þær haldi að minnsta kosti 95% af bensínugufunum inni samanboreð við samsvarandi geyma með föstu þaki sem eru ekki með búnað til að halda gufum inni, og að öðru leyti búnir í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 252/1999 eða tengdir gufueurnýtingarbúnaði sem uppfylla kröfur greinar 2.1.

2.5. Frágangur birgðageyma

Olúgeymar skulu vera í olúheldri þró. Rúmtak lekavarnar skal vera sem hér segir: Fyrir einn geymi skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd geymis. Ef fleiri en einn geymir er í sömu lekavörn skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd stærsta geymis í lekavörninni að viðbættri rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar. Ef til staðar er olúflotgirðing til að hefta útbreiðslu olú sem fer í sjó, er heimilt að minnka rýmd lekavarna í 60%. Lokunarþúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætt á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal vera innan þróar.

2.6. Áfylling flutningsgeyma

Áfylling flutningsgeyma skal fara fram á olúheldu áfyllingarplani.

2.7. Löndun olíu

Setja skal upp og fylgja verklagslagsreglum um löndun olíu þar sem fram kemur hvernig öllum tengingum skal vera háttað og tryggt að olía smitist ekki út í umhverfið.

2.8. Frárennsli

Frárennsli frá áfyllingarplani og þróum skal leitt í gegnum olíuskiljur utan lekavarnar. Olíuskilja með frárennsli til yfirborðsvatns eða sjávar skal vera af gerð I, samanber staðal nr. ÍST EN 858. Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 mg/kg. Sé frárennsli til skólþfráveitukerfis sveitarfélags má nota olíuskilju af gerð II, miðað við hámarksflæði frárennslis, að fengnu samþykki rekstraraðila fráveitukerfis. Olíuskiljur skulu tæmdar eftir þörfum, en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Frárennislagnir við þrær skulu vera með lokum innan þróar sem hafðir eru lokaðir nema þegar hleypt er úr þrónum, eða búnað sjálfvirkum lokum fyrir olíu.

2.9. Lagnir

Frágangur á geymum og leiðslum fyrir eldfima vökva skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Lagnir skulu þannig frágengnar að hægt sé að kanna hvort þær leka.

2.10. Hreinsun á leka

Ávallt skal vera til reiðu búnaður og efni til hreinsunar olíu sem kann að leka út, t.d. ídræg efni (ísogsefni, uppburkunarefni). Nota skal lekabyttur þar sem við á. Hreinsa skal olíu sem lekur eða smitast út jafnharðan.

2.11. Úrgangur

Dregið skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Spilliefni sem verða til við starfsemina skal skrá og skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Þó er heimilt að semja beint við aðila sem hefur heimild til nýtingar úrgangsolíu um móttöku á úrgangsolíu frá birgðastöðinni.

2.12. Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá birgðastöðinni og skal hávaði í nærliggjandi íbúðabyggð vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 933/1999, um hávaða.

3. *INNRA EFTIRLIT FYRIRTÆKISINS*

3.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirtalin atriði og skulu skráningar gerðar í rekstrarhandbók og vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði.
- Magn og gerð móttekinnar úrgangsolíu.
- Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.

3.2. Eftirlitsmælingar

Eftirfarandi mælingar skulu framkvæmdar af rekstraraðila, eftir því sem við á:

- Að minnsta kosti árlega skal mæla virkni gufuendurnýtingarbúnaðar í samræmi við ákvæði 2 tl. viðauka II í reglugerð nr. 252/1999. Umhverfisstofnun skal samþykkja mæli- og greiningaraðferðir og tíðni mælinga og greininga.
- Að minnsta kosti árlega skal mæla olú í fráveituvatni.
- Að minnsta kosti árlega skal kanna hvernig úrtök og lausar tengingar virka.
- Þrýstiprófa skal neðansjávarlagnir árlega og aðrar lagnir á 5 ára fresti.
- Lekavarnir skulu prófaðar á minnst 10 ára fresti.
- Botnar og þykkt neðsta umfars geyma skal mæld á minnst 10 ára fresti .

Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók.

3.3. Rekstrarhandbók

Í olúbirgðastöðinni skal vera rekstrarhandbók, sem liggur frammi fyrir starfsmenn og eftirlitsaðila. Í handbókina skal skrá á aðgengilegan hátt upplýsingar um eftirfarandi þætti: eftirlit, breytingar í stöðinni, athugasemdir starfsmanna og eftirlitsmanna um viðhald, ástand og tæmingu olíuskilju, þrýsti-, leka- og þéttiprófanir, þykktarmælingar og birgðauppgjör á mánaðarfresti, svo og annað sem skiptir máli varðandi framkvæmd mengunarvarnaeftirlits.

4. STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1. Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að draga sem mest úr því álagi sem reksturinn veldur með starfsháttum sínum. Stuðlað skal að góðri nýtingu og að losun mengunarefna frá birgðastöðinni verði eins lítil og kostur er.

4.2. Markmið

Rekstraraðili setji sér umhverfismarkmið og skal starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996, sbr. reglugerð nr. 321/1996, um frjálsa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi, eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

4.3. Viðbragðsáætlun

Fyrirtækið skal útbúa viðbragðsáætlun til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar í samræmi við ákvæði laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlunin skal liggja frammi hjá starfsmönnum sem starfa við áfyllingu í birgðageyma og flutningsgeyma. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4.4. Tilkynning vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.3, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Slík atvik skal tilkynna strax til slökkviliðs, hafnaryfirvalda og Umhverfisstofnunar sem meta hvort þörf sé frekari aðgerða. Tilkynna skal Umhverfisstofnun sérstaklega um tilfelli þar sem hætta er á bráðamengun.

4.5. Tryggingar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem nemur allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

4.6. Umhverfi

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu og tryggja að þar séu engir hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfseminni.

4.7. Þjálfun starfsmanna

Starfsmenn og þjónustuaðilar, þar með taldir bílstjórar og vaktmenn, skulu fá viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til að vinna í stöðinni svo og kennslu og æfingu í því hvernig bregðast skal við mengunaróhöppum samkvæmt viðbragðsáætlunum. Jafnframt skulu þeir hljóta staðgóða fræðslu um eiginleika allra olútegunda sem meðhöndlaðar eru í stöðinni. Rekstraraðili skal tilkynna eftirlitsaðila um allar breytingar sem verða varðandi þjónustuaðila.

4.8. Tengiliður

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana.

4.9. Eftirlit

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með ákvæðum starfsleyfisins. Eftirlitið felur í sér árlega skoðun þar sem einkum eru skoðuð þau atriði starfseminnar sem valdið geta mengun vatns, andrúmslofts eða jarðvegs ásamt frágangi ytra umhverfis og meðferð úrgangs.

Viðbótareftirlit felst m.a. í:

- Skoðun vegna nýs búnaðar sem tekinn hefur verið í notkun eða vegna kvartana.
- Sérstökum úttektum á tækjum og búnaði.

5. GJALDSKYLDA

Fyrirtækið greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá eftirlitsaðila. Starfsemi þessi er flokkuð í 2. eftirlitsflokk skv. fylgiskjali I í reglugerð nr. 785/1999. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða rökstuddra kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

6. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 31. janúar 2018.

Umhverfisstofnun

2. janúar 2006